



Aðgerðaáætlun

Rimaskóla-Tígrishæjar- Sigynjar
VEGNA INNLEIÐINGAR BARNASÁTTMÁLANS

2026

Samþykkt af stjórnendum Rimaskóla þann 29.01.2026

Efnisyfirlit

Réttindaskóli UNICEF.....	3
Réttindaskólar UNICEF og Barnasáttmálinn.....	3
Réttindaskólar UNICEF – hugmyndafræði og hagnýtt verkefni	4
Greinargerð vegna stöðumats.	6
Aðgerðir:	7
Samantekt.....	24

Réttindaskóli UNICEF

Réttindaskóli UNICEF (e. Child Right Schools) er hugmyndafræði og hagnýtt verkefni fyrir skóla- og frístundastarf sem tekur mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálanum eins og hann er iðulega nefndur, og miðar að því að auka virðingu, vernd og framkvæmd mannréttinda. Skólar (leik- og grunnskólar), frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem vinna verkefnið leggja sáttmálann til grundvallar í öllu starfi sínu; skipulagningu, stefnumótun og starfsháttum.

Markmið Réttindaskóla er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpar börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Með þetta að markmiði eru grunnforsendur Barnasáttmálans útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir í skóla- og frístundastarfi auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum barna, ungmenna, kennara, frístundaráðgjafa og annars starfsfólks.

[Fjöldi Réttindaskóla UNICEF eru starfræktur víðsvegar](#) um heiminn en UNICEF aðlagar verkefnið hverju landi fyrir sig. Fyrstu Réttindaskólarnir á Íslandi hlutu viðurkenningu árið 2017 og þeim fer hratt fjölgandi.

Réttindaskólar UNICEF og Barnasáttmálinn

Í Réttindaskólum UNICEF notum við hugtakið heildarskólanálgun (e. Whole School Approach) til þess að skýra hugmyndafræði verkefnisins, en hún skiptist í fjögur skref sem lýsa heildrænni nálgun á innleiðingu réttinda barna í skólastarfið.

Fyrsta skref er að börnin njóti þeirra réttinda að mennta sig.

AD LÆRA ERU RÉTTINDI

Skref tvö er að börn og fullorðin þekki og læri um réttindi barna.

AD LÆRA UM RÉTTINDI

Í skrefi þrjú læra börn um réttindi sín í umhverfi sem styður við réttindi þeirra.

AD LÆRA Í RÉTTINDAUMHVERFI

Lokaskrefið er að börn iðki réttindi fyrir sig sjálf og aðra.

AD LÆRA AÐ IÐKA RÉTTINDI

Réttindaskólar UNICEF – hugmyndafræði og hagnýtt verkefni

Markmið verkefnisins

Skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem innleiða verkefnið vinna að því að ná fimm markmiðum sem byggja á Barnasáttmálanum. Aðgerðaáætlun er unnin út frá markmiðum verkefnisins og gott er að hugsa öll verkefni og aðgerðir út frá því hvernig þær styðja við markmiðin fimm.

Fyrsta markmiðið er að **auka þekkingu á réttindum barna**. Börn og fullorðin eiga að þekkja Barnasáttmálann og geta tengt hann við skólastarfið. Barnasáttmállinn á að vera hluti af námsskrám, kennsluáætlunum og þjálfun starfsfólks.

Annað markmiðið er **aukin þátttaka barna**. Starfsfólk þarf að vinna markvisst að því að auka og efla tækifæri barna til þess að hafa raunveruleg áhrif á öll málefni sem þau varða. Starfsfólk tekur tillit til skoðana barna og gefur þeim upplýsingar um ákvarðanir sem teknar eru.

Þriðja markmiðið er að **betri greining á stöðu barna**. Stöðumat er framkvæmt. Þekkingarkönnun er lögð fyrir starfsfólk og öll börn. Börn framkvæma aðgengis- og öryggiskönnun.

Fjórða markmiðið eru **aðgerðir sem bæta aðstæður barna**. Skólar sem innleiða Réttindaskóla og -frístund UNICEF vinna aðgerðaáætlun úr niðurstöðum stöðumats og tryggja að aðgerðir í þágu réttinda barna séu settar í forgang. Réttindaskólar UNICEF styðja opinberlega við réttindi barna.

Fimmta markmiðið er **samstarf út frá þörfum barnsins**. Skólar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar og aðrar stofnanir í nærumhverfi barnsins þurfa að eiga í samstarfi til að tryggja réttindi barna og vinna að sameiginlegri sýn á réttindi barna. Samstarfið er þróað með það að markmiði að deila reynslu og efla réttindastarfið. Markmiðið með auknu samstarfi er einnig að vernda réttindi þeirra barna sem þurfa sértækan stuðning með viðeigandi aðlögun. UNICEF hvetur til samstarfs við foreldra.

Þannig er verkefnið Réttindaskóli og -frístund UNICEF **bæði hugmyndafræði og hagnýtt verkefni** sem miðar að því að auka virðingu, vernd og framkvæmd mannréttinda.

Greinargerð vegna stöðumats.

Greinargerð Rimaskóla:

Í lok september tóku starfsmenn Rimaskóla stöðumat. Í október tóku nemendur stöðumat og öryggis- og aðgengiskönnun. 71 starfsmaður svaraði stöðumatinu og 248 nemendur í 5.-10. bekk. Umsjónarkennarar í 1.-4. bekk tóku stöðumatið og öryggiskönnunina með umsjónarnemendum sínum. Þar kom í ljós að rétt rúmlega helmingur starfsfólks og nemenda höfðu fengið fræðslu um barnasáttmálann. Um helmingur nemenda í 5. – 10. bekk töldu sig hafa áhrif á nám sitt og hlustað væri á skoðanir þeirra. Einnig kom fram að um 7% nemenda í 5. – 10. bekk líður illa eða mjög illa í skólanum. Nemendur í 1.-4. bekk upplifðu óöryggi á skólalóðinni og sameiginlegum klósettum á göngunum. Nemendur vildu fá betri og fjölbreyttari mat og fengju að velja stundum sjálf hvað væri í matinn. Þeir óskuðu eftir ýmsum endurbótum t.d. fleiri fótboltavelli, fleiri rennibrautir, betri klefa, laga klósettin og vildu fá skápa undir skólabækurnar sínar. Miklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar hjá okkur í Rimaskóla og því möguleiki á að koma einhverjum hugmyndum þeirra hraðar í gegn en ella. Nemendur vilja sjá betri skólabrag, minna einelti og að starfsfólk beri virðingu fyrir skoðunum nemenda. Í öryggiskönnuninni kom fram að það væri gott aðgengi fyrir hreyfihamlaða í skólanum.

Niðurstöðurnar voru flokkaðar eftir mikilvægi en einnig eftir því hvað snéri að nemendum, starfsfólki og starfstöð.

Niðurstöðurnar voru settar upp í upplýsingaskjal sem Réttindaráðið fékk í hendur og svo voru niðurstöðurnar kynntar. Réttindaráðið skráði hjá sér athugasemdir og hugmyndir að lausnum og úrbótum, fundurinn tók um 80 mínútur.

Á fundi Réttindaráðs var ákveðið að útbúa hugmyndakassa sem allir nemendur skólans hafa aðgang að. Kassinn var kynntur af Réttindaráðinu í öllum árgöngum skólans og margar hugmyndir hafa borist.

Réttindaráðið nýtti hugmyndirnar sem komu úr stöðumatinu, öryggis og aðgengiskönnuninni og hugmyndakassanum til að flokka og ákveða hvaða hugmyndir ættu að fara í aðgerðaráætlunina.

Greinargerð Tígrishæjar:

Í nóvember tóku 10 starfsmenn Tígrishæjar stöðukönnun starfsfólks. Allt starfsfólkið hefur samkvæmt könnun heyrt um Barnasáttmálann og fengið fræðslu um réttindi barna. Starfsfólkið kom inn á að það væri til í meiri fræðslu um eineltismál, hvernig ætti að bregðast við ásamt því að hafa upplýsingar um einelti á veggjunum fyrir börnin.

Í desember lögðu stjórnendur fyrir öryggis- og aðgengiskönnun fyrir börn í 1.-4.bekk. Í 1. og 2. bekk voru það 10 börn í báðum árgöngum sem tóku þátt og í 3.bekk tóku 7 börn þátt. 4.bekkur var ekki komin með vistun þegar könnunin var lögð fyrir. Niðurstöður leiddu í ljós að staðurinn sem börnunum líður vel er leiksvæðið innandyr, s.s. hver hópur átti þá við sitt rými/skála. Nokkur börn upplifðu óöryggi á skólalóðinni og í íþróttahúsi (v. hávaða). Einnig voru nokkur börn sem upplifðu hávaða á álagstímum svo bæta mætti hljóðvist í rýmum enn frekar. Mörg börn upplifðu óöryggi í tengslum við salernisaðstöðu og átti það bæði við Tígrishæ og Rimaskóla. Hjólastólaaðgengi er ábótavant í Tígrishæ en fullnægjandi í Rimaskóla. Auk þess eru engar dyr að Tígrishæ með sjálfvirka opnum né punktalettri. Varðandi útisvæðið, þá kom fram að bæta mætti við leiktækjum og viðfangsefnum á útisvæðinu. T.d. fleiri pógó velli, aparólu, körfurólu og betri körfuboltavöll fyrir yngri börnin.

Niðurstöðurnar voru flokkaðar í þrjá eftirfarandi flokka; *aðgerðir sem snúa að börnum*, *aðgerðir sem snúa að starfsfólki* og *aðgerðir sem snúa að öryggi og aðgengi*. Það gleymdist að boða okkur á fyrsta fundinn með réttindaráðinu, vorum fjarverandi á öðrum fundinum en mættum loks á þann þriðja. Sá fundur var um 80 mínútur og fólst í því að fara yfir hugmyndir sem fara áttu í aðgerðaráætlunina.

Greinagerð Sigynjar:

Seint á haustönn tóku starfsfólk Sigynjar stöðukönnun um Barnasáttmálann. Starfsmenn í Sigyn höfðu allir vitneskju um sáttmálann og gátu nefnt atriðu úr honun. Þó höfðu ekki allir fengið fræðslu um hann þar sem nokkrir starfsmenn eru nýir.

Í öryggiskönnuninni kom í ljós að það væri kvartað undan salernismálum og að það væri verið að labba inn á og kíkja. Þetta viljum við leysa með fræðslu sem snýr að mörkum fólks og hvaða siðferðislegu reglur gilda í samfélaginu. Einnig var komu athugasemdir um slagsmál á skólalóð og annað ofbeldi. Þarna má koma inn fræðslu um afleiðingar ofbeldis fyrir báða aðila.

Í hugmyndakassanum kom upp hugmynd um gistinótt. Gott er að ræða um hana í þaula því þetta er viðburður sem félagsmiðstöðin hætti með fyrir all mörgum árum.

Nemendur ræddu líka um að fá fleiri sófa og teppi á göngunum, fleiri fótboltaspil, borðtennisborð og pool borð í Sigyn og hjólabrettasvæði. Þetta voru hugmyndir sem við sáum fram á að við gætum líklega framkvæmt eða átt góðan séns á að framkvæma.

Aðgerðir:

Öryggi og aðgerðir

Starfsstöð/stöðvar	Rimaskóli
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður öryggis- og aðgengiskönnunar sýndu fram á að nemendum finnst óþægilegt hversu mikið bil er á milli gólfs og skilríms milli klósetta þannig að það er auðvelt að kíkja á einhvern sem er á klósettinu.
Aðgerð sem snýr að:	Öryggi/aðgengi
Hvað	Fá klósett sem eru með lokaða bása
Hver	Umsjónarmaður fasteigna, skólastjórnendur, skólaliðar
Hvenær	Vor 2026
Hvernig	Tekið fyrir á fundi hjá stjórnendum og húsverði. Þar sem miklar framkvæmdir eru framundan á skólabyggingunni þá er mikilvægt að þessari ábendingu sé komið til skila.
Tenging við Barnasáttmálann	
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Aðgerðir sem bæta aðstæður barna. Greining á stöðu barna. Aukin þátttaka barna

Öryggi og aðgerðir

Starfsstöð/stöðvar	Rimaskóli
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður öryggis- og aðgengiskönnunar sýndu að nemendur áttu stundum erfitt með að finna starfsfólk úti eða að þau væru mörg saman á einum stað. Einnig kom fram að þegar nemendur óskuðu eftir aðstoð skildi starfsfólk ekki nemendur og gátu þá lítið hjálpað.
Aðgerð sem snýr að:	Öryggi/aðgengi
Hvað	Starfsfólk sýnilegra í frímínútum og þurfa að labba um, erfitt þegar starfsfólk skilur ekki nemendur.
Hver	Umsjónarmaður fasteigna, skólastjórnendur, skólaliðar
Hvenær	Febrúar 2026

Hvernig	Erindi sent á stigsstjóra og skólastjórnendur sem taka málið fyrir og ákveða aðgerðir.
Tenging við Barnasáttmálann	
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Greining á stöðu barna. Aðgerðir sem bæta aðstæður barna. Samstarf út frá þörfum barnsins.

Öryggi og aðgerðir

Starfsstöð/stöðvar	Rimaskóli
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður öryggis- og aðgengiskönnunar sýndu fram á að nemendur, þá sérstaklega á yngsta stigi, voru sumir hræddir við að nota klósettin á ganginum því ljósin slökkva á sér eftir ákveðinn tíma.
Aðgerð sem snýr að:	Öryggi/aðgengi
Hvað	Fá ljós þannig að það sé ekki hægt að slökkva og kveikja. Ekki á að vera í boði að hægt sé að slökkva þegar einhver er inni og eins að það slökkni sjálfkrafa á ljósunum stundum eru krakkar enn þá inni þegar ljósið fer sem skapar óöryggi.
Hver	Umsjónarmaður fasteigna, skólastjórnendur, skólaliðar
Hvenær	Haut 2026
Hvernig	Tekið fyrir á fundi hjá stjórnendum og húsverði. Þar sem miklar framkvæmdir eru framundan á skólabyggingunni þá er mikilvægt að þessari ábendingu sé komið til skila.
Tenging við Barnasáttmálann	
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Aðgerðir sem bæta aðstæður barna Samstarf út frá þörfum barnsins

Öryggi og aðgerðir

Starfsstöð/stöðvar	Rimaskóli
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður öryggis- og aðgengiskönnunar sýndu að nemendur áttu í vandræðum með að þurrka sér um hendurnar eftir handþvott í klefum íþróttasalar.
Aðgerð sem snýr að:	Öryggi/aðgengi
Hvað	Vantar pappír í klefana til að þurrka sér um hendur
Hver	Umsjónarmaður fasteigna, skólastjórnendur, skólaliðar
Hvenær	Febrúar 2026
Hvernig	Skólaliðar látnir vita reglulega svo þeir geti haft þetta á hreinu.
Tenging við Barnasáttmálann	
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Aukin þátttaka barna Greining á stöðu barna Aðgerðir sem bæta aðstæður barna

Öryggi og aðgerðir

Starfsstöð/stöðvar	Rimaskóli
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður öryggis- og aðgengiskönnunar sýndu fram á að nemendum þótti óþægilegt að nota klósettið næst glugganum því þar var hægt að kíkja inn á klósett frá útisvæði.
Aðgerð sem snýr að:	Öryggi/aðgengi
Hvað	Setja filmu í gluggana inni á baði það sést allt í gegnum þá mjög óþægilegt
Hver	Umsjónarmaður fasteigna, skólastjórnendur, skólaliðar
Hvenær	Mars 2026
Hvernig	Tekið fyrir á fundi hjá stjórnendum og húsverði. Þar sem miklar framkvæmdir eru framundan á

	skólabýggingunni þá er mikilvægt að þessari ábendingu sé komið til skila.
Tenging við Barnasáttmálann	   
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Greining á stöðu barna Aðgerðir sem bæta aðstæður barna Samstarf út frá þörfum barnsins

Starfsstöð/stöðvar	Tígrishær
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður öryggis- og aðgengiskönnunar .
Aðgerð sem snýr að:	Öryggi/aðgengi
Hvað	Bæta við merkingu á salerni, t.d. laust/upptekið (sum vilja ekki læsa og einnig er lítið næði á salerni þar sem það er inn í rými barnanna).
Hver	Ásrún forstöðumaður, Sæunn, aðstoðarforstöðumaður og umsjónarmenn fasteigna.
Hvenær	Janúar 2026 til október 2026
Hvernig	Stjórnendur bæta við merkingu á salernum í Tígrishæ.
Tenging við Barnasáttmálann	  
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Aukin þekking á réttindum barna, betri greining og aðgerðir í þágu réttinda barna.

Starfsstöð/stöðvar	Tígrishær
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður öryggis- og aðgengiskönnunar .
Aðgerð sem snýr að:	Öryggi/aðgengi
Hvað	3.- og 4.bekkur (nýtir aðstöðu innan skólans) minnst á að fá ljós þannig að það sé ekki hægt að slökkva og kveikja. Börnunum finnst

	óþægilegt að vera á salerninu því það sé hægt sé að slökkva þegar einhver er inni. Það slokknar sjálfkrafa á ljósunum þegar þau eru á salerni sem skapar óöryggi.
Hver	Ásrún forstöðumaður, Sæunn, aðstoðarforstöðumaður og umsjónarmenn fasteigna.
Hvenær	Janúar 2026 til október 2026
Hvernig	Heyra í umsjónarmönnum fasteigna varðandi ljós á salernum í Rimaskóla.
Tenging við Barnasáttmálann	
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Aukin þekking á réttindum barna, betri greining og aðgerðir í þágu réttinda barna.

Starfsstöð/stöðvar	Félagsmiðstöðin Sigyn
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður öryggis- og aðgengiskönnunar .
Aðgerð sem snýr að:	Öryggi/aðgengi
Hvað	Kvartað um að það sé verið að labba inn á stúlkur á salernum, verið að gægjast.
Hver	Njörður forstöðumaður í Sigyn, Adisa aðstoðarforstöðukona í Sigyn.
Hvenær	Janúar 2026 til október 2026
Hvernig	Vera með fræðslu um mörk og hegðun. Hafa veggspjöld sýnileg.
Tenging við Barnasáttmálann	

Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Aukin þekking á réttindum barna, betri greining og aðgerðir í þágu réttinda barna.
Starfsstöð/stöðvar	Félagsmiðstöðin Sigyn
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður öryggis- og aðgengiskönnunar .
Aðgerð sem snýr að:	Öryggi/aðgengi
Hvað	Kvartað slagsmálum og öðru ofbeldi á skólalóð.
Hver	Njörður forstöðumaður í Sigyn, Adisa aðstoðarforstöðukona í Sigyn.
Hvenær	Janúar 2026 til október 2026
Hvernig	Vera með fræðslu um afleiðingar ofbeldis. Hafa veggspjöld sýnileg.
Tenging við Barnasáttmálann	
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Aukin þekking á réttindum barna, betri greining og aðgerðir í þágu réttinda barna.

Nemendur

Starfsstöð/stöðvar	Rimaskóli
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður stöðumats og hugmyndir úr hugmyndakassa
Aðgerð sem snýr að:	Börnum/Nemendum
Hvað	Fá skápa fyrir unglingana
Hver	Umsjónarmaður fasteigna, skólastjórnendur
Hvenær	Vor 2026
Hvernig	Búið er að panta skápana og þeir eru á leið til landsins. Verða settir upp þegar þeir koma

Tenging við Barnasáttmálann	 
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Aðgerðir sem bæta aðstæður barna Samstarf út frá þörfum barnsins


Starfsstöð/stöðvar	Rimaskóli
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður stöðumats og hugmyndir frá hugmyndakassa óskuðu eftir ýmsu sem snéri að hádegismatnum.
Aðgerð sem snýr að:	Börnum/Nemendum
Hvað	Fá að hafa áhrif á hádegismatseðil
Hver	Kennarar, mötuneytið, skólastjórnendur
Hvenær	September 2026
Hvernig	Réttindaráði fannst góð hugmynd að árgangar fengu að skiptast á að fá að velja hvað yrði í matinn einu sinni í viku. Hver árgangur myndi þá kjósa sín á milli hvaða réttur yrði fyrir valinu.
Tenging við Barnasáttmálann	 
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Aukin þátttaka barna Samstarf út frá þörfum barnsins

Starfsstöð/stöðvar	Rimaskóli
Gögn sem byggt er á:	Hugmynd úr hugmyndakassa
Aðgerð sem snýr að:	Börnum/Nemendum
Hvað	Hætta fyrir á föstudögum fyrir þá sem eru lengi á föstudögum í skiptum fyrir annan dag frekar.
Hver	Kennarar, skólastjórnendur
Hvenær	ágúst 2026
Hvernig	Óska eftir fundi með stjórnendum og koma með rök fyrir hugmyndinni

Tenging við Barnasáttmálann	  
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Aukin þátttaka barna Samstarf út frá þörfum barnsins

Starfsstöð/stöðvar	Rimaskóli
Gögn sem byggt er á:	Hugmynd úr hugmyndakassa. Unglingadeildin hefur verið með hurðaskreytingakeppni í byrjun desember sem yngri börn hafa dáðst að, yngri nemendur vilja fá að taka þátt í þeirri keppni
Aðgerð sem snýr að:	Börnum/Nemendum
Hvað	Hafa skreytingarkeppni í desember
Hver	Kennarar, skólastjórnendur,
Hvenær	október 2026
Hvernig	Óska eftir fundi með stjórnendum og koma með rök fyrir hugmyndinni, einnig þarf að ræða hugmyndina á kennarafundi.
Tenging við Barnasáttmálann	  
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Að auka þekkingu á réttindum barna Aukin þátttaka barna Samstarf út frá þörfum barnsins

Starfsstöð/stöðvar	Rimaskóli
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður úr stöðumati og hugmynd úr hugmyndakassa
Aðgerð sem snýr að:	Börnum/Nemendum
Hvað	Fjölbreyttara úrval af bókum


Hver	Kennarar, bókasafn skólans og skólastjórnendur
Hvenær	Janúar til 31. október 2026
Hvernig	Koma með hugmyndir að bókum sem þau myndu vilja sjá á bókasafninu, fá aðra nemendur til að koma líka með tillögur sem fara svo til bókasafnsins.
Tenging við Barnasáttmálann	   
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Að auka þekkingu á réttindum barna Aukin þátttaka barna Aðgerðir sem bæta aðstæður barna Samstarf út frá þörfum barnsins

Starfsstöð/stöðvar	Rimaskóli
Gögn sem byggt er á:	Hugmynd úr hugmyndakassa. Óskað var eftir að fá að gista í skólanum.
Aðgerð sem snýr að:	Börnum/Nemendum
Hvað	Gistinótt
Hver	Kennarar, skólastjórnendur
Hvenær	Vor eða haust 2026
Hvernig	Það þarf að útfæra hugmyndina betur, hvað felst í gistinótt og hve langur tími á að fara í hana. Hvenær á að byrja og hver væri dagskráin, hver sér um gæslu. Óska eftir fundi með stjórnendum og koma með rök fyrir hugmyndinni, einnig þarf að ræða hugmyndina á kennarafundi.
Tenging við Barnasáttmálann	  
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Að auka þekkingu á réttindum barna Aukin þátttaka barna Samstarf út frá þörfum barnsins

Nemendur

Starfsstöð/stöðvar	Frístundaheimilið Tígrishær og Rimaskóli
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður öryggis- og aðgengiskönnunar.
Aðgerð sem snýr að:	Börnum í 1.-4.bekk í Tígrishær og Rimaskóla
Hvað	Gera fleiri Pógó velli á útisvæði
Hver	Ásrún Ýr, forstöðumaður og Sæunn Heiða, aðstoðarforstöðumaður. Kennarar, nemendur og umsjónarmaður fasteigna.
Hvenær	Apríl 2026
Hvernig	Pógó vellirnir eru mjög vinsælir og oft eru margir krakkar um hvern völl, athuga hvort Halli smíðakennari geti málað fleiri pógó velli. Heyrt verður í umsjónarmönnum fasteigna varðandi úrbætur á skólalóð.
Tenging við Barnasáttmálann	
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Aukin þekking á réttindum barna, betri greining og aðgerðir í þágu réttinda barna.

Starfsstöð/stöðvar	Frístundaheimilið Tígrishær
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður öryggis- og aðgengiskönnunar.
Aðgerð sem snýr að:	Börnum í 1.-4.bekk í Tígrishær
Hvað	Fjölbreyttara úrval af bókum (á fleiri tungumálum og hinsegin bækur).
Hver	Ásrún Ýr, forstöðumaður og Sæunn Heiða, aðstoðarforstöðumaður
Hvenær	Janúar til 31.október 2026
Hvernig	Stjórnendur bæta úrval bóka.
Tenging við Barnasáttmálann	
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Aukin þekking á réttindum barna, betri greining og aðgerðir í þágu réttinda barna.

Starfsstöð/stöðvar	Félagsmiðstöðin Sigyn
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður öryggis- og aðgengiskönnunar.
Aðgerð sem snýr að:	Börnum í 5.-10.bekk
Hvað	Fleiri sófa og teppi á göngunum
Hver	Njörður, forstöðumaður og Adisa, aðstoðarforstöðumaður
Hvenær	Vorönn 2026
Hvernig	Njörður og Adisa skoða stöðu á sófum í Sigyn og hvernig hægt sé að dreifa þeim betur um skólann, jafnvel kaupa inn sófa. Allt í samráði við stjórnendur Rimaskóla.
Tenging við Barnasáttmálann	
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Aukin þekking á réttindum barna, betri greining og aðgerðir í þágu réttinda barna.

Starfsstöð/stöðvar	Félagsmiðstöðin Sigyn
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður öryggis- og aðgengiskönnunar.
Aðgerð sem snýr að:	Börnum í 5.-10.bekk
Hvað	Fá fleiri fótboltaspil, borðtennisborð og pool borð í Sigyn
Hver	Njörður, forstöðumaður og Adisa, aðstoðarforstöðumaður
Hvenær	Vorönn/haustönn 2026
Hvernig	Njörður og Adisa skoða hvort sé hægt að fá fjármagn til að bæta við tækjum og tólum í félagsmiðstöðina. Skoða einnig plássið sem hægt er að vinna með. Fjármagn veltur á hvað sé aflögufært hjá Brúnni.

Tenging við Barnasáttmálann	  
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Aukin þekking á réttindum barna, betri greining og aðgerðir í þágu réttinda barna.

Starfsstöð/stöðvar	Félagsmiðstöðin Sigyn
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður öryggis- og aðgengiskönnunar.
Aðgerð sem snýr að:	Börnum í 5.-10.bekk
Hvað	Hjólabrettarampar á skólalóð
Hver	Njörður, forstöðumaður
Hvenær	Vorönn/haustönn 2026
Hvernig	Njörður skoðar hvað sé til að hjólabrettarömpum hjá Reykjavíkurborg. Hugsanlega er hægt að fá einhverja sem eru ekki í notkun. Nóg er af svæði á skólalóðinni.
Tenging við Barnasáttmálann	  
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Aukin þekking á réttindum barna, betri greining og aðgerðir í þágu réttinda barna.

Starfsfólk

Starfsstöð/stöðvar	Rimaskóli
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður úr stöðukönnun. Strákar bentu á að þeir væru frekar skammaðir fyrir að vera t.d. í sínum.
Aðgerð sem snýr að:	Starfsfólki

Hvað	Mismuna ekki nemendum eftir kyni (stelpur eru síður skammaðar fyrir að vera í símanum)
Hver	Allt starfsfólk skólans. Kennarar, skólaliðar, stuðningsfulltrúar, skólastjórnendur.
Hvenær	Frá janúar 2026
Hvernig	Skólastjórnendur ræða málið á starfsmannafundi og þannig að allir starfsmenn geti tekið á þessu.
Tenging við Barnasáttmálann	 
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Að auka þekkingu á réttindum barna Aukin þátttaka barna.

Starfsstöð/stöðvar	Rimaskóli
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður úr hugmyndakassa
Aðgerð sem snýr að:	Nemendur
Hvað	Of langur tími fer í bið í íþróttum, vilja lengri íþróttatíma.
Hver	Íþróttakennarar og nemendur
Hvenær	Vor 2026
Hvernig	Samtal milli íþróttakennara og nemendur.
Tenging við Barnasáttmálann	 
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Samstarf út frá þörfum barnsins. Aðgerðir sem bæta aðstæður barna

Starfsstöð/stöðvar	Rimaskóli
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður úr hugmyndakassa og aðgengiskönnun. Nemendur vildu fá að ákveða sjálf hversu mikið þau settu á diskinn, fannst þau fá annað hvort of mikið eða of lítið á diskinn.
Aðgerð sem snýr að:	Nemendum

Hvað	Nemendur vilja skammta matinn sjálf
Hver	Skólastjórnendur og starfsfólk mötuneytis.
Hvenær	Nóvember 2025
Hvernig	Hitaborð sett fram og nemendur koma beggja vegna að þeim og skammta sér sjálf.
Tenging við Barnasáttmálann	 
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Aukin þátttaka barna. Samstarf út frá þörfum barnsins,

Starfsstöð/stöðvar	Rimaskóli
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður úr hugmyndakassa
Aðgerð sem snýr að:	Starfsfólki
Hvað	Starfsfólk passi róm sinn og séu rólegri þegar þeir tala við nemendur
Hver	Allt starfsfólk skólans. Kennarar, skólaliðar, stuðningsfulltrúar, skólastjórnendur.
Hvenær	Janúar til 31.október 2026
Hvernig	Skólastjórnendur ræða við starfsfólk á starfsmannafundi og í kjölfarið reynir það að bæta sig.
Tenging við Barnasáttmálann	 
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Aðgerðir sem bæta aðstæður barna

Starfsfólk

Starfsstöð/stöðvar	Frístundaheimilið Tígrishær
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður úr stöðumati starfsfólks.
Aðgerð sem snýr að:	Starfsfólki
Hvað	Starfsfólk sé sýnilegra á öllum stöðum í útiveru og séu alltaf í vestum.
Hver	Allt starfsfólk frístundaheimilisins, stjórnendur, stuðningsstarfsfólk og almennt starfsfólk
Hvenær	Janúar til 31.október 2026
Hvernig	Minna starfsfólk daglega á að vera alltaf í vestum í útiveru.
Tenging við Barnasáttmálann	
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Aðgerðir sem bæta aðstæður barna Samstarf út frá þöfum barnsins

Starfsstöð/stöðvar	Frístundaheimilið Tígrishær
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður úr stöðumati starfsfólks.
Aðgerð sem snýr að:	Starfsfólki
Hvað	Bæta merkingar varðandi Barnasáttmálann
Hver	Allt starfsfólk frístundaheimilisins, stjórnendur, stuðningsstarfsfólk og almennt starfsfólk
Hvenær	Janúar til 31.október 2026
Hvernig	Panta stóra límmiða Barnasáttmálans og setja í tvö rými.

Tenging við Barnasáttmálann	
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Aukin þekking á réttindum barna, betri greining og aðgerðir í þágu réttinda barna.

Starfsstöð/stöðvar	Frístundaheimilið Tígrissbær
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður úr stöðumati starfsfólks.
Aðgerð sem snýr að:	Starfsfólki
Hvað	Hafa upplýsingar um einelti á veggjum
Hver	Allt starfsfólk frístundaheimilisins, stjórnendur, stuðningsstarfsfólk og almennt starfsfólk
Hvenær	Janúar til 31.október 2026
Hvernig	Setja upp plaggöt á vegg varðandi einelti, t.d. eineltishringinn og nota hann markvisst í umræðum um einelti við börnin.
Tenging við Barnasáttmálann	
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Aukin þekking á réttindum barna, betri greining og aðgerðir í þágu réttinda barna.

Starfsstöð/stöðvar	Frístundaheimilið Tígrissbær
Gögn sem byggt er á:	Niðurstöður úr stöðumati starfsfólks.
Aðgerð sem snýr að:	Starfsfólki
Hvað	Kynna betur forvarnaráætlun
Hver	Allt starfsfólk frístundaheimilisins, stjórnendur, stuðningsstarfsfólk og almennt starfsfólk
Hvenær	Janúar til 31.október 2026

Hvernig	Fá forvarnarfræðslu fyrir starfsmenn svo þeir séu betur upplýstir.
Tenging við Barnasáttmálann	
Tenging við markmið Réttindaskóla og -frístundar UNICEF	Aukin þekking á réttindum barna, betri greining og aðgerð

Samantekt

Réttindaráðið er áhugasamt um þau verkefni sem það hefur sett í aðgerðaráætlunina og er spennt fyrir þeim verkefnum sem við ætlum að vinna saman.

Aðgerðir sem snúa að börnunum eru fjölbreyttar og skemmtilegar. Ein hugmyndin er að fá skápa fyrir unglingana og sú hugmynd er komin til framkvæmda og skáparnir eru væntanlegir fljótlega. Unglingadeildin hefur síðustu ár verið með jólahurðaskreytingakeppni og fannst yngri nemendum það spennandi og vilja vera með í henni, það er hugmynd sem við ætlum að koma í gegn fyrir næstu jóla. Mjög margar hugmyndir snéru að hádegismatnum og langar Réttindaráði að árgangar skiptist á að ráða hvað er í matinn 1x í viku. Nemendur á unglingastigi eru margir með langan dag á föstudögum og eru í námi til kl. 15. Þeir vilja að sett sé regla um að ekki sé kennt lengur en til kl. 14 á föstudögum þó það þýði lengri dag einhvern annan dag vikunnar. Börnin í Tígrishævar óskuðu eftir fleiri og fjölbreyttari bókum og nefndu þá einna helst bækur á fleiri tungumálum og bækur sem fjalla um hinseginleikann og fjölbreytileika almennt.

Aðgerðir sem snúa að starfsfólki eru af ýmsum toga. Í stöðumatinu hjá nemendum komu nokkrir með ósk um að fá sjálfir að skammta sér matinn í hádegismatnum, þessa ósk var auðvelt að framkvæma og því var strax hafist handa við að útfæra hana og koma henni í framkvæmd þannig að nú skammta börnin sér sjálf hádegismatinn. Strákum fannst starfsfólk mismuna nemendum eftir kyni og sögðu að stelpur væru síður skammaðar t.d. fyrir að vera í símanum, okkur finnst mikilvægt að laga það og allir voru sammála um að setja það í aðgerðaráætlunina. Einnig kom fram að sumt starfsfólk væri of mikið að skamma nemendur í staðinn fyrir að tala við þá á rólegri nótum. Í niðurstöðum Tígrishævar var komið inn á meiri fræðslu og sýnileika í rýmunum, þ.e. að hafa t.d. eineltishringinn uppi á veggjum sem og barnasáttmálann í heild sinni. Börnin minntust á að starfsfólkið mætti vera sýnilegra í útiverunni, þau eiga það til að klikka á því að fara í vesti og er þá erfiðara að staðsetja starfsfólkið sem veldur óöryggi hjá börnunum ef eitthvað kæmi upp á.

Aðgerðir sem snúa að öryggi og aðgengi voru af ýmsum toga, sumar eru auðveldar í framkvæmd en aðrar eru kostnaðarsamari og erfiðari í framkvæmd. Rimaskóli er að fara í miklar framkvæmdir í vor (2026) þar sem skólinn verður lagaður að innan í nokkrum áföngum. Þessar framkvæmdir gera okkur kleift að hafa áhrif og koma með tillögur til þess að bæta ýmislegt. Eitt af því sem réttindaráðið hefur áhuga á að laga eru klósettin sem eru á göngum skólans. Bæði verður óskað eftir að klósettin séu með lokaða bása þannig að ekki sé hægt að kíkja yfir eða undir skilrímin. Einnig vilja nemendur fá filmu í gluggana inni á klósetti þannig að ekki sé hægt að kíkja á þá sem

eru á klósettinu að utan. Óskað verður eftir að ljós á klósettum sé þannig að ekki sé hægt að slökkva og kveikja á þeim. Ekki á að vera í boði að hægt sé að slökkva þegar einhver er inni og eins að það slökkni sjálfkrafa á ljósunum, stundum eru krakkar enn þá inni þegar ljósið fer sem skapar óöryggi. Í öryggis- og aðgengiskönnuninni kom fram að nemendur eigi erfitt með að finna starfsfólk úti í frímínútum og að þau skilji ekki nemendur þegar þau leita eftir aðstoð.

Í Tígrishæ voru salernismál mikið í umræðunni, bæði komu þau inn á það sama og Rimaskóli nefnir með ljósin þar sem tveir árgangar eru með aðstöðu í skólanum í frístundastarfinu. Þá var einnig mikið komið inn á óöryggi á salernum í Tígrishæ. Salernin eru staðsett inni í rýmum sjálfum og mikið áreiti og umgengi sem veldur óöryggi hjá þeim.

Stefnt er að því að fá viðurkenningu sem Réttindaskóli Unicef í nóvember.